



ÁRSSKÝRSLA

Barnaverndar Reykjavíkur // 2022

Ágúst 2023

ÁRSSKÝRSLA 2022 BARNAVERNDAR REYKJAVÍKUR

Útgefandi:

Barnavernd Reykjavíkur
.....
Ármúla 4
.....
105 Reykjavík
.....
S. 411 9200
.....

barnavernd@reykjavik.is

Framkvæmdastjórn

Katrín Helga Hallgrímsdóttir, settur framkvæmdastjóri
Elísa Ragnheiður Ingólfssdóttir, skrifstofustjóri



EFNISYFIRLIT

1.	Um Barnavernd Reykjavíkur	4
2.	Tölfræði ársins 2022	6
3.	Fjölskyldu- og vistheimili á vegum Barnaverndar Reykjavíkur	8
	a.Mánaberg	8
	b.Kletturinn - vistheimili unglunga	10
	c.Klettabær	11
	d.Ásvallagata og Fannafold	11
4.	Teymin	12
	a.Bráða- og viðbragðsteymi	12
	b.Könnunar- og meðferðarteymi yngri barna	13
	c.Könnunar- og meðferðarteymi eldri barna	14
	d.Könnunar- og meðferðarteymi barna af erlendum uppruna og heimilisofbeldi	15
5.	Opinbert eftirlit og niðurstöður dómstóla	18

1 / UM BARNAVERND REYKJAVÍKUR 2022

Í ársskýrslu Barnaverndar Reykjavíkur er varpað ljósi á starfsemi stofnunarinnar árið 2022. Í skýrslunni er að finna tölur og staðreyndir um starfsemi Barnaverndar sem vonandi nýtast til faglegrar og uppbyggilegrar umræðu um barnaverndarstarf.

Barnavernd Reykjavíkur tilheyrir velferðarsviði Reykjavíkurborgar og heyrir almenn stjórnarsýsla barnaverndarþjónustu í Reykjavík undir velferðarráð en úrskurðarvald í einstökum málum hvílir hjá umdæmisráði Barnaverndar Reykjavíkur sem tók til starfa þann 1. janúar 2023.

Heildarkostnaður af rekstri Barnaverndar Reykjavíkur árið 2022 var kr. 3.290.100. Fjárhagsramminn var kr. 2.593.406 og voru heildarfrávik því kr. 697 milljónir eða 26,9% yfir áætlun.

Meginskýring frávíka í rekstri er kostnaður af vistunum barna utan heimilis sem felst í greiðslum til fósturforeldra eða vistunaraðila og til einkaúrræða (fyrst og fremst Klettabær ehf.) sem tekið hafa að sér vistanir barna með alvarlegan geð-, þroska- og hegðunarvanda. Nettó kostnaður vegna þessa liðar árið 2022 var kr. 1,5 milljarður en fjárhagsramminn var kr. 814 milljónir. Kostnaður vegna vistana barna í Klettabæ árið 2022 var tæpar 800 milljónir króna. Fjárhagsrammi Barnaverndar Reykjavíkur vegna ársins 2022 gerði ekki ráð fyrir kostnaði af vistunum barna með alvarlegan geð-, þroska- og hegðunarvanda. Vísað er til ársskýrslu Barnaverndar Reykjavíkur vegna ársins 2021 um frekari umfjöllun um þennan kostnaðarlið. Engar breytingar hafa orðið á undanfögnu ári á því úrræða- og stefnuleysi sem ríkir í málflokknum. Í fjárhagsáætlun Reykjavíkurborgar vegna ársins 2023 var bætt við rúmum 700 milljónum til að mæta kostnaði af vistunum þessara barna.

STÖÐUGILDI

- / Framkvæmdastjórn 2
- / Deildarstjórar 5
- / Rekstur og stoðþjónusta 5
- / Lögfræðiteymi 3
- / Sálfræðingar 2
- / Ráðgjafar 39
- / Eftirlit Barnaverndar 4

Barnavernd Reykjavíkur rekur tvö vistheimili sem eru í mikilli þörf fyrir stækkingun og endurbætur. Annars vegar er um að ræða Mánaberg, fjölskyldu- og vistheimili fyrir börn til 12 ára aldurs og foreldra þeirra. Nýting Mánabergs hefur verið langt umfram skilgreinda notkun um árabil. Þá er húsnæðið mjög komið til ára sinna og hentar engan veginn þeirri starfsemi sem nú fer fram í húsinu. Þá rekur Klettabær ehf. með þjónustusamningi við Reykjavíkurborg vistheimilið Klettinn fyrir ungmenni sem ekki geta dvalið heima hjá sér. Kletturinn er alltaf í fullri nýtingu og oftast er biðlisti eftir að koma börnum þar að, sem eðli máls samkvæmt gengur trauðla upp þar sem um er að ræða neyðarúrræði og vistun til skamms tíma. Barnavernd Reykjavíkur býr í dag yfir sama fjölda plássá á neyðarheimilum fyrir börn og fyrir 20 árum síðan. Á sama tíma hefur mikil fjölgun orðið í barnaverndarmálum, sem og íbúum Reykjavíkur. Áætlanir eru uppi um að byggja nýtt fjölskylduheimili í stað Mánabergs sem geti betur mætt þörfum starfseminnar í dag og þar geti farið fram öflugur stuðningur við börn og foreldra. Þá samþykkti velferðarráð á fundi sínum í febrúar 2021 að byggja upp nýtt úrræði fyrir ungmenni sem gæti tekið á móti allt að átta börnum. Mikilvægt er að framangreind uppbygging fari af stað sem fyrst.

Fjöldi tilkynninga til Barnaverndar Reykjavíkur stóð í stað milli árána 2021 og 2022, þó lítilsháttar tilfæringar verði á milli einstakra flokka tilkynninga. Sjá má að tilkynningum um að barn beiti ofbeldi fjölga jafnt og þétt frá árinu 2019. Mikil og vaxandi umræða hefur verið um þennan málaflokk undanfárin misseri og öll stig velferðarþjónustunnar meðvituð um þróunina og mikilvægi þess að bregðast hratt og örugglega við.

Í ársskýrslunni er nú teknar saman tölur um fjölda vistana barna utan heimilis og hvort þau séu vistuð hjá ættingjum eða óskyldum aðilum. Um 75% þeirra barna sem vistuð voru til skamms tíma utan heimilis á síðasta ári dvöldu hjá ættingjum sínum. Sé litið til heildarfjölda þeirra barna sem vistuð voru á heimilum á vegum nefndarinnar í lok síðasta árs var um helmingur vistaður hjá ætt-íngjum. Hlutfall þeirra sem eru vistuð í varanlegu fóstri hjá ættingjum sínum er 43% barna en 57% eru vistuð hjá óskyldum aðilum sem hafa fengið leyfi sem fósturforeldrar. Ávallt er leitað allra leiða til að vista börn hjá ættingjum, sé þess nokkur kostur.

Innleiðing svokallaðra farsældarlaga er í fullum gangi hjá Barnavernd Reykjavíkur, sem og hjá skóla- og velferðarþjónustu á vegum borgarinnar. Er meginmarkið þeirra að ná sem fyrst utan um vanda barns og veita barni og fjölskyldu þá aðstoð sem þau þurfa eins fljótt og hægt er og á eins einfaldan hátt og hægt er. Mikið er lagt upp úr samvinnu þeirra kerfa og fagaðila sem koma að vinnu með barninu og fjölskyldu. Barnavernd Reykjavíkur stefnir að því að hafa að fullu lokið innleiðingu á farsældarlögunum á vormánuðum 2024.

Framkvæmdaáætlun Reykjavíkurborgar í barnavernd rennur út á þessu ári. Hefja þarf sem fyrst undirbúning að gerð framkvæmdaráætlunar í Barnavernd fyrir næstu ár. Mikilvægt er að tryggja sem flestum, fagaðilum, samstarfsaðilum og skjólstæðingum Barnaverndar aðkomu að undirbúningi og gerð framkvæmdaáætlunar.

TÖLFRÆÐI ÁRSINS 2022


Árið 2022 bárust 4953 tilkynningar til Barnaverndar Reykjavíkur sem er sami fjöldi og árið 2021. Sé litið til mismunandi flokka tilkynninga má sjá að tilkynningum um vanrækslu fjölgaði um 3,7%. Tilkynningum um ofbeldi fækkaði um 9,6% og tilkynningum um áhættuhegðun fjölgaði um 4%.

Í hverjum yfirflokk eru nokkrir undirflokkar sem eru mjög misstórir. Þannig eru í flokknum „áhættuhegðun“ fjórir undirflokkar. Þar má sjá að tilkynningum um neyslu barns á vímuefnum fjölgar um 31% milli 2021 (145) og 2022 (190). Tilkynningar um að barn stefni eigin heilsu og þroska í hættu standa í stað milli ára, tilkynningum um afbrot barns fækkar um 14% og tilkynningum um að barn beiti ofbeldi fjölgar um 5%.

Tilkynningar um ofbeldi eru tilkynningar þar sem barn er beitt ofbeldi og skiptast í kynferðisofbeldi, líkamlegt ofbeldi, tilfinningalegt og sálrænt ofbeldi og þar undir fellur heimilisofbeldi sem barn verður vitni af. Í heildina fækkar tilkynningum um ofbeldi um 9,6% og munar þar mestu um flokkinn tilfinningalegt og sálrænt ofbeldi en þar fækkar tilkynningum um 23%. Tilkynningum um kynferðisofbeldi heldur áfram að fjölga og fjölgar milli ára um 15%. Tilkynningar um líkamlegt ofbeldi standa nokkurn veginn í stað milli ára.

Í lok árs 2022 voru í heild 149 börn vistuð í varanlegu fóstri, 45 vistuð í tímabundnu fóstri, 10 í styrktu fóstri og 80 börn voru vistuð tímabundið í skammtíavistun skv. 84. gr. barnaverndarlaga en langflest þeirra barna voru vistuð hjá ættingjum sínum eða í 75% tilvika.


Hlutfall þeirra sem eru vistuð í varanlegu fóstri hjá ættingjum sínum er 43% barna en 57% eru vistuð hjá óskyldum aðilum sem hafa fengið leyfi sem fósturforeldrar.




VISTANIR Í LOK ÁRS 2022

	Fjöldi	Skyldmenn	Óskyldir	Drengir	Stúlkur
84. gr.	80	60	20	34	46
Tímabundið fóstur	45	9	36	22	23
Styrkt fóstur	10	0	10	5	5
Varanlegt fóstur	149	64	85	79	71
18-20 ára vistun	30	17	13	13	17


OFBELDI



TEGUND TILKYNNINGA



ÁHÆTTUHEGÐUN



FJÖLSKYLDU- OG VISTHEIMILI Á VEGUM BARNAVERNDAR REYKJAVÍKUR

a / MÁNABERG

/ Fjölskylduheimili 7 pláss, börn 0-13 ára og foreldrar

/ 44 einstaklingar dvöldu í Mánabergi 2022 í samtals 3763 nætur

/ Nýting 144%

/ Laun og rekstur 2022: 305 milljónir

/ Forstöðumaður, Hulda L. Blöndal Magnúsdóttir

Mánaberg er vistheimili fyrir börn sem vistuð eru með eða án foreldra sinna. Unnið er eftir hugmyndafræðinni Uppeldi sem virkar – færni til framtíðar. Í allri vinnu er lögð mikil áhersla á virðingu og ná góðu meðferðarsambandi. Unnið er í samvinnu við foreldra að aukinni foreldrahæfni með það að markmiði að foreldri og barn fari heim saman að lokinni vistun. Greiningar- og leiðbeiningavistun er almennt sex til átta vikur en getur verið lengd upp í sérhæfða vistun sé þess talin þörf. Hún varir í allt að 16 vikur. Tíu mál voru í greiningar- og leiðbeiningarvistun árið 2022, fjórar fjölskyldur af erlendum uppruna og sex íslenskar. Í einu tilviki endaði greiningar- og leiðbeiningarvistun með því að barn fór í fóstur. Í sex málum fóru börnin heim með foreldrum sínum að lokinni vistun. Þrjú mál voru enn í húsi í lok árs 2022. Bráða- og fósturvistanir voru 28 mál, 54 börn. 32 börn fóru í fóstur en önnur fóru heim til foreldra sinna.

Starfsemi Mánabergs er komin yfir þolmörk eins og nýting úrræðisins ber með sér. Húsnæði Mánabergs er auk þess komið til ára sinna og ekki skipulagt í takt við þá starfsemi sem þar fer fram í dag. Þegar Mánaberg var sett á laggirnar fyrir 30 árum síðan var ekki gert ráð fyrir að foreldrar dvöldu þar með börnum sínum og því ekki

um að ræða neina greiningar- og leiðbeiningarvistun eins og er í dag. Markmið þess úrræðis er að styrkja foreldra í uppeldishlutverki sínum og efla tengsl barna og foreldra þannig að foreldrar geti snúið aftur heim með börnum sínum. Á Mánabergi er ekki gert ráð fyrir aðstöðu til að sinna þessari meðferð, til að mynda eru öll svefnherbergin mjög lítil, þá eru engin viðtalsherbergi eða afdrep þar sem hægt er að sinna meðferðarvinnu með barni og foreldrum.

Það er í farvegi að byggja nýtt húsnæði undir starfseminu og er undirbúningur hafinn að því. Mikilvægt er að þeirri vinnu miði hratt og örugglega áfram og að tryggt verði fjármagn bæði til byggingar nýs húsnæði og þess reksturs sem þar þarf að fara fram.

Barnavernd Reykjavíkur hefur með stuðningi Velferðarráðs lagt ríka áherslu á að í millitíðinni þurfi að leysa húsnæðisvanda Mánabergs með millibilslausn og finna starfseminni tímabundið stærra húsnæði. Um leið þarf að hefja uppbyggingu á þeirri faglegu starfsemi sem fyrirhugað er að fram fari í nýju húsnæði.

SEINFÆRIR FORELDRAR OG STUÐNINGUR

Reglulega eru tilkynnt til barnaverndar mál barna sem eiga foreldra sem eru greindir með þroskafrávik og þroska-skerðingar. Seinfærir foreldrar er viðkvæmur hópur og taka þarf mið af stöðu þeirra og veita sérhæfðan stuðning til lengri tíma en ella.

Í þeim málum sem eru tilkynnt til barnaverndar er iðulega búið að reyna umfangsmikinn stuðning til lengri tíma í nær-umhverfi fjölskyldunnar og stuðningurinn hefur ekki skilað tilætluðum árangri og foreldrafærni ekki orðin viðunandi. Slík mál þarfnast sérþekkingar og hefur barnavernd nýtt sér einkaúrræði sem er mannað af þroskaþjálfum til þess að greina, meta og veita stuðning með von um að hægt sé að kortleggja stöðu fjölskyldunnar betur og vinna áfram með þeim á heimilinu. Líkt og í öðrum málum er reynt til þrautar að ná árangri en það sem skilur þessi mál frá öðrum er að stuðningurinn þarf að vara til lengri tíma.

Í einhverjum tilfellum skilar stuðningur og meðferðarvinna ekki tilætluðum árangri og horfa þarf til þess að veita foreldrum sólarhringsstuðning með vistun barnanna inni á Mánabergi. Í slíkum tilvikum koma foreldrar í greiningar- og leiðbein-ingarvistun sem oft varir í lengri tíma en almennt er með slíkar vistanir. Líkt og staðan er í dag hefur reynst töluverð áskorun að hafa fjölskyldur í marga mánuði á Mánabergi en nauðsynlegt er að barnavernd geti mætt þessum viðkvæma hópi foreldra og barna enn betur og að barnavernd búi yfir úrræði þar sem unnið er til lengri tíma jafnvel í einhverja mánuði allt eftir þörfum hvers og eins.

Ljóst er að velferðakerfið í heild sinni þarf að búa yfir nægilegum stuðningsúrræðum svo unnt sé að mæta þessum fjölskyldum enda þurfa foreldrar í einhverjum tilfellum stuðning nær allan vökutíma barnanna.

b / KLETTURINN - vistheimili unglunga

*/ Kletturinn, vistheimili fyrir 4 börn á aldrinum 13-18 ára,
rekið af Klettabæ ehf.*

*/ Skammtímavistun fyrir börn sem geta ekki dvalið heima
/ 16 börn dvöldu í Klettinum 2022 í samtals 1302 nætur
/ Kostnaður á mánuði 13,6 milljónir*

Kletturinn og tók til starfa í kjölfar lokunar Hraunbergs þann 17. febrúar 2022. Úrræðið hefur verið í fullri nýtingu frá því í lok febrúar 2022. Oftast er nokkur biðlisti eftir að komast inn í úrræðið og er þá forgangsraðað eftir alvarleika máls. Flest ungmennin sem dvöldu í Klettinum í fyrra voru fædd árið 2005 (5 ungmenni). Yngsta barnið var fætt 2009 og elsta 2004.

Tvö fylgdarlaus börn dvöldu í Klettinum í samtals 277 nætur á síðasta ári.

Í Klettinum er starfað eftir hugmyndafræði um áfalla- og tengslamiðaðan stuðning og hafa ungmennin sem þar dvelja aðgang að sálfræðingi og annarri sérfræðiaðstoð hjá Klettabæ, í samráði við sinn ráðgjafa hjá Barnavernd. Ungmennin eru hvött til virkni og aðstoðuð við að sinna námi og vinnu eftir því sem við á. Þá eiga ungmennin að halda herbergjum sínum þrífalegum, ganga frá eftir sig, taka þátt í undirbúningi og frágangi við hádegis- og kvöldmat.

Að mati starfsmanna Barnaverndar Reykjavíkur hafa vistanir í Klettinum gengið vel. Þannig hefur góður árangur náðst með börn sem hafa glímt við flókin vanda sem ekki hefði verið hægt að leysa í eldra úrræði Barnaverndar í Hraunbergi.

Í febrúar 2022 samþykkti Velferðarráð að hefja undirbúning að stofnun nýs vistheimilis fyrir átta börn og ungmenni þar sem unnið yrði út frá hugmyndafræði um áfalla- og tengslamiðaða nálgun. Brýn þörf er fyrir stærra og öflugra úrræði en nú er rekið í Klettinum. Til að mynda eru vistanir í Klettinum margar of langar þar sem úrræðið er hugsað sem skammtímadvöl en ekki langtímabúseta. Tryggja þarf að minnsta kosti 2-3 pláss til viðbótar til að mæta þörf eftir plássi. Í því samhengi er rétt að taka fram að Kletturinn er neyðarúrræði þegar börn geta vegna heimilisaðstæðna ekki búið heima hjá sér. Það er því eðli máls samkvæmt óásættanlegt að bið sé eftir því að koma ungmennum að í Klettinum.

c / KLETTABÆR*/ 4 börn í fullri búsetu allt árið**/ 5 börn í búsetu hluta úr ári**/ 6 börn í hvíldardvöl*

Klettabær ehf. starfrækir sértæk búsetuúrræði til langs og skamms tíma. Einnig er þar boðið upp á hvíldardvalir auk fjölbreyttrar og einstaklingsmiðaðrar þjónustu í Þjónustumiðstöð Klettabæjar og Náms- og starfssetri Klettabæjar.

Það er mat Barnaverndar Reykjavíkur að almennt gangi vel með vistanir og hvíldardvalir þeirra barna sem vistuð hafa verið í Klettabæ. Hins vegar er það mat Barnaverndar að hluti þessara barna eigi að vera í meðferðarúrræðum á vegum ríkisins, fóstri eða styrktu fóstri. Skortur hefur verið á meðferðar- og fósturúrræðum á vegum Barna- og fjölskyldustofu og þá sérstaklega heimilum sem sinnt geta styrktu fóstri. Samkvæmt barnaverndarlögum eiga þau börn sem á þurfa að halda rétt á dvöl í heimilislegu og fjölskylduvænu umhverfi líkt og gert er ráð fyrir í fóstri, en ekki í vakt-skiptu úrræði eins og er reyndin.

d / ÁSVALLAGATA OG FANNAFOLD**ÁSVALLAGATA**

Á **Ásvallagötu** í Reykjavík er rekið fjölskylduheimili fyrir fjögur börn. Heimilið er rekið af fjölskyldu sem býr á staðnum. Fjögur börn á aldrinum 13 -18 ára búa hverju sinni á Ásvallagötu og sinna skóla, tómstundum og vinnu. Börnin fara eina helgi í mánuði til foreldra, ættingja eða vina. Nýting Ásvallagötu hefur undanfarin ár verið 100%. Í lok árs 2022 voru 4 börn á Ásvallagötu.

Árlegur kostnaður af rekstri Ásvallagötu var kr. 50 milljónir árið 2022.

FANNAFOLD

Barna- og fjölskyldustofa rak stuðningsheimilið **Fannfold** fyrir ungmenni sem lokið hafa meðferð á Stuðlum og mögulega öðrum úrræðum en þurfa að þeim tíma loknum á frekari stuðningi að halda sem ekki er hægt að veita þeim heima fyrir. Lögð er áhersla á að byggja ungmennin upp til sjálfstæðis og samfélagslegrar virkni. Barnavernd Reykjavíkur greiðir um 3,5 milljónir fyrir hvert barn á mánuði. Á árinu 2022 dvöldu 3 börn á vegum Barnaverndar Reykjavíkur á stuðningsheimilinu, í samtals 432 daga.

TEYMIN

a / BRÁÐA- OG VIÐBRAGÐSTEYMI

/ Deildarstjóri; Sigurður Örn Magnússon

/ 6 félagsráðgjafar

/ 323 málum úthlutað í teymið 2022

/ 439 útköll vegna bráðamála

/ Greining tilkynninga

/ Bráðavakt á dagvinnutíma


Bráða- og viðbragðsteymi Barnaverndar var stofnað haustið 2019. Markmið teymisins er að vera fyrsti snertiflötur einstaklinga og kerfa við Barnavernd til að koma málum fljótt og örugglega í réttan farveg hvort sem er hjá Barnavernd, öðrum kerfum borgarinnar eða í heilbrigðiskerfinu.

Teymið sinnir fyrstu snertingu við Barnavernd og rýnir á hverjum degi allar nýjar tilkynningar í þeim tilgangi að meta alvarleika þeirra og hvort bregðast þurfi við þegar í stað. Í því samhengi er samráð við miðstöðvar Reykjavíkurborgar, skóla og leikskóla mikilvægt til að koma málum barna í réttan farveg í nærumhverfi þegar þess er kostur. Rík áhersla er lögð á tengingu við nærumhverfið með það að markmiði að styðja fjölskyldur við að komast í viðeigandi úrræði í nærumhverfi sínu og að barn fái stuðning á 1. eða 2. þjónustustigi sé þess kostur.

Á árinu 2022 var 323 málum úthlutað til ráðgjafa í teyminu. Tæplega 40% málanna vörðuðu tilkynningar um að barn hefði orðið kynferðislegu ofbeldi/áreiti. Teymið sinnir

bráðamálum sem koma upp á skrifstofutíma samhliða almennri málavinnslu. Fjölbreytileiki mála á bráðavakt er mikill en sem dæmi um útköll á bráðavakt eru mál á borð við heimilisofbeldismál, skýrslutökur ungmenna hjá lögreglunni, samtöl við börn í skólum vegna tilkynninga um ofbeldi barna af hálfu forsjáraðila svo eitthvað sé nefnt.

Á árinu 2022 fóru starfsmenn Bráða- og viðbragðsteymis í alls 439 útköll vegna bráðamála. Meðfylgjandi mynd sýnir yfirlit milli mánaða en lítill munur er á bráðamálum milli mánaða. Var að meðaltali farið í rúm 36 bráðamál í hverjum mánuði. Eilítill aukning varð á haustmánuðum 2022 en má að líkum leiða að aukningin hafi stafað af auknum fjölda tilkynninga frá skólum.



b / KÖNNUNAR- OG MEÐFERÐARTEYMI YNGRI BARNNA

/ Deildarstjóri; Laufey Þorvaldsdóttir

/ 9 ráðgjafar, þar af 7 félagsráðgjafar

/ 238 málum úthlutað í teymið 2022

/ Könnun og meðferð í málum ófæddra barna og barna upp að 12 ára aldri

/ 50-60 vistanir á hverjum tíma

/ 75% vistana hjá nákomnum

/ 75% vistana með samþykki forsjáradila

Hlutverk teymisins er að kanna mál og vinna samkvæmt áætlun um meðferð máls að málefnum ófæddra barna sem tilkynnt eru um og barna til 12 ára aldurs.

Verkefni starfsmanna eru margvísleg en markmiðið er ætíð að efla foreldra, veita þeim stuðning, þjálfun og eftirfylgd með von um að aðstæður barnanna í þeirra umsjá lagist. Starfsmenn leggja mikinn metnað í að greina vanda fjölskyldunnar, endurmeta hann og sækja um viðeigandi stuðning til handa börnum og foreldrum. Starfsmenn kappkosta við það að skoða nærumhverfi barnsins með von um að virkja stuðning þaðan og í einhverjum tilfellum eru ættingjar sem einn liður í áætlun um meðferð máls. Teymið er mikið úti á vettvangi að ræða við hluteigandi aðila, fara í vitjanir á heimili fjölskyldna, ræða við börn, funda með meðferðaraðilum og stofnunum. Ennfremur er umfangsmikill þáttur teymisins að fylgja málum eftir á fundi Umdæmisráðs Barnaverndar Reykjavíkur og sem fagvitni fyrir dómstólum.

Árið 2022 voru samtals 238 málum úthlutað í teymið til könnunar og/eða meðferðar. Af þessum fjölda voru 13 mál er vörðuð málefni ófæddra barna en töluverð fækkun varð á milli ára eða næstum 40%. Í teyminu er að jafnaði 50 til 60 börn í vistun á hverjum tíma og er stærsti hluti þeirra barna vistuð hjá hinu foreldri sínu hvort sem það er með forsjá eður ei og/eða ættingjum. Mikil áhersla er lögð á gott samstarf við foreldra, enda um 75% vistana með samþykki forsjáradila.

Teymið á auk þess í miklu og góðu samstarfi við hlutað-eigandi stofnanir og fagaðila til þess að sækja þann stuðning eða meðferð sem foreldrar og börn eru metin í þörf fyrir. Mikil samvinna er við ýmsar deildir innan Landspítalans, Vog og Vík, Hlaðgerðarkot, Miðstöð í hverju hverfi fyrir sig, ýmis einkaúrræði, félagsráðgjafa, listmeðferðarfræðinga, sálfræðinga, geðlækna, áfalla- og fíkniráðgjafa og svona mætti lengi telja.

Nokkur aukning er í vanda foreldra tengt notkun lyfseðils-skyldra lyfja og erfitt reynist að takast á við þann vanda. Áhyggjur starfsmanna snúa að misnotkun lyfjanna og áhrif þeirra á getu foreldra til þess að sinna forsjáarskyldum sínum. Til þess að takast á við þennan vaxandi vanda er teymið í samstarfi við sérfræðilækni sem kemur að því að meta lyfjamál foreldris. Teymið hefur fengið slík mót í hendurnar sem reynist mikilvægur liður í meðferðarvinnu með foreldrum.

c / KÖNNUNAR- OG MEÐFERÐARTEYMI ELDRI BARNNA

/ Deildarstjóri; Vilborg Grétarsdóttir

/ 6 félagsráðgjafar

/ 138 málum úthlutað í teymið 2022

/ Könnun og meðferð í málum barna 12 ára og eldri

Teymið sinnir málefnum barna á aldrinum 12 til 18 ára sem eiga við vanda að glíma og býr teymið yfir góðri sérþekkingu á málefnum barna og unglinga í áhættuhegðun.

Lögð hefur verið áhersla á að koma málefnum fatlaðra barna í samvinnu við miðstöðvar borgarinnar í farveg og að þau börn fái þjónustu við hæfi í nærumhverfi þegar mögulegt er. Þá er leitast við að tryggj sé að yfirfærsla fatlaðra ungmenna gangi snurðulaust fyrir sig úr barnaverndarkerfinu og í stuðning á vegum miðstöðva borgarinnar við 18 ára aldur. Við 17 ára aldur er leitað eftir samvinnu við viðkomandi miðstöð og unnin yfirfærsluáætlun í máli ungmennis og markvisst unnið að því að finna búsetu og stuðning við hæfi hvers og eins þannig að við 18 ára skapist ekki tómarúm.

Einnig eru til vinnslu mál barna á aldrinum 18-20 ára sem kjósa að dvelja áfram í úrræðum og vistun á vegum barnaverndar eftir 18 ára aldur. Það er markmið og tilgangur teymisins að reyna að skapa betri samfellu og betri þjónustu fyrir börn og foreldra þeirra við 18 ára aldur og þegar málefni barna þurfa áframhaldandi stuðning í miðstöð eftir 18 ára aldur.

Reglulegir samráðsfundir eru við yfirmann meðferðarsviðs á Barna- og fjölskyldustofu sem reka Stuðla, Lækjarbakka og Bjargey. Einnig hafa verið fundir með yfirmanni

Stuðla og neyðarvistun til að tryggja samvinnu og auka öryggi og velferð þeirra barna sem þar þurfa að dvelja vegna áhættuhegðunar sinnar.

Nýtingu á úrræðum Barna- og fjölskyldustofu fyrir ungmenni má sjá í eftirfarandi töflu:

Úrræði Barna- og fjölskyldustofu	Nýting, fjöldi barna	Nýting, fjöldi daga
Stuðlar – meðferðardeild	11	742
Stuðlar – neyðarvistun	24	262
Stuðningsheimili	3	432
MST	36	

Stærstu áskoranir teymisins er enn sem fyrr úrræðaleyfi sem ríkir á málum barna með fjölþættan vanda, skortur á fósturheimilum og búsetuúrræðum fyrir stálpuð börn. Miklar vonir eru bundnar við þá vinnu sem nú fer fram í starfshópi á vegum mennta- og barnamálaráðherra. Þá eru bundnar miklar vonir við uppbyggingu úrræða fyrir ungmenni á vegum Reykjavíkurborgar sem samþykkt var á fundi velferðarsviðs í febrúar 2022 og þátttöku ríkisins í þeirri vinnu sem framundan er. Þá er sérstaklega horft til þess að styrkja innviði teymisins, efla starfsanda og halda áfram að vera öflugir málsvavar þeirra unglunga sem á þurfa að halda.

d / KÖNNUNAR- OG MEÐFERÐARTEYMI BARNNA AF ERLENDUM UPPRUNA OG HEIMILISOFBELDI

/ Deildarstjóri; Elísabet Gunnarsdóttir

/ 5 félagsráðgjafar

/ 195 máli úthlutað í teymið árið 2022

Eitt helsta hlutverk teymisins er að sinna könnunar- og meðferðarmálum barna af erlendum uppruna en einnig heimilisofbeldismálum og málum þar sem grunur leikur á líkamlegu ofbeldi gagnvart börnum.

Tæplega 90% málanna vörðuð börn af erlendum uppruna og rúmlega 10% börn af íslenskum uppruna. Flest málin voru tilkynnt til barnaverndar vegna gruns um vanrækslu eða 45% málanna. Tæplega 30% málanna voru tilkynnt til Barnaverndar Reykjavíkur vegna gruns um líkamlegt ofbeldi gagnvart börnum og 13% vegna gruns um að barn hefði orðið vitni af heimilisofbeldi. Alls var málum 6 fylgdarlausra barna vísað í teymið árið 2022. Höfðu börnin komin til Íslands án þess að vera í umsjá fullorðins aðila sem var þeim tengdur. Um var að ræða börn frá Úkraínu og Afganistan. *Tafla 1.*

Af þeim börnum sem voru af erlendum uppruna voru flest af pólskum uppruna eða alls 22 börn. Börn af víetnömskum uppruna voru 21, málum alls 18 barna af rúmenskum uppruna var úthlutað í teymið árið 2022 og málum alls 18 barna af litháískum uppruna. Alls 15 börnum af afgönskum uppruna var úthlutað í teymið árið 2022 og 7 börnum af írönskum uppruna. *Tafla 2.*

Ástæða tilkynninga	Fjöldi mála	Hlutfallslegur fjöldi mála
Vanræksla	88	45%
Þar af börn án fylgdar	6	3%
Líkamlegt ofbeldi	56	29%
Heimilisofbeldi	26	13%
Tilfinningalegt/sálrænt ofbeldi (sem ekki flokkast sem heimilisofbeldi)	6	3%
Heilsu eða lífi ófæddis barns stefnt í hættu	3	1,5%
Kynferðislegt ofbeldi	1	0,5%

Tafla 1. Ástæða tilkynninga


Upprunaland mála	Fjöldi mála	Hlutfallslegur fjöldi
Pólland	22	11,20%
Víetnam	21	10,70%
Rúmenía	18	9,20%
Litháen	18	9,20%
Afganistan	15	7,70%
Íran	7	3,60%
28 önnur upprunalönd	101	52%

Tafla 2. Uppruni þeirra barna sem komu til úthlutunar í teyminu árið 2022.

Móttökustöð fyrir umsækjendur um alþjóðlega vernd, þ.á m. fylgdarlaus börn var áður staðsett í Hafnarfirði. Árið 2022 var hún flutt til Reykjavíkur. Fylgdarlaus börn, sem sækja um alþjóðlega vernd á Íslandi hafa tök á að gera það á Keflavíkurflugvelli og á móttöku-stöðinni í Reykjavík. Flutningur móttökustöðvarinnar til Reykjavíkur hafði áhrif á fjölda tilkynninga sem bárust Barnavernd í Reykjavík varðandi börn sem leituðu hingað til lands, án fylgdaraðila árið 2022. Sex þeirra mála vörðuðu börn sem komu hingað án nokkurs fullorðins sem hafði verið falið að annast þau. Var málum þeirra barna úthlutað í teymið. Áður var mál einnar fylgdarlausrar stúlku til vinnslu í teyminu. Barnavernd Reykjavíkur hefur tekið við umsjá/forsjá þessara barna. Þrjú þessara mála vörðuðu börn sem komu til Íslands á grundvelli fjölskyldusameiningar við foreldra. Við DNA-rannsókn komu ekki fram nein líffræðileg tengsl við þá sem börnunum var ætlað að sameinast hér á landi og eru þau börn nú í vistun á vegum Barnaverndar Reykjavíkur. Árið 2022 var sótt um fósturheimili fyrir þrjú fylgdarlaus börn til Barna- og fjölskyldustofu, án þess að nokkurt fósturheimili hafi fundist. Ljóst er að úrræðaleysi ríkir hér á landi varðandi þau börn sem koma hingað til lands, fylgdarlaus. Rætt hefur verið um að ríkið stofni búsetuúrræði fyrir þessi börn en ekkert slíkt úrræði virðist vera í sjónmáli. Starfsmönnum Barnaverndar Reykjavíkur hefur verið ráðlagt að sækja um fósturheimili fyrir börnin en erfitt hefur reynst að finna fósturforeldra sem eru tilbúin til að taka fylgdarlaus börn í fóstur.

Í mörgum málum sem komu til vinnslu í teyminu árið 2022 var áberandi alvarlegur húsnæðisvandi í Reykjavík. Dæmi eru um að fjölskyldur búi afar þröngt og í húsnæði sem eru í slæmu ástandi. Starfsmenn barnaverndar kom að máli þar sem fjölskylda af erlendum uppruna bjó í litlu, dýru leiguhúsnæði. Um var að ræða alls átta einstaklinga, þar af tvö börn og húsnæðið einungis með tveimur svefnherbergjum.

Húsnæðið virtist ekki hafa fengið neitt viðhald áratugum saman. Gluggar mígláku þegar rigndi, m.a. þakgluggi sem olli mikilli bleytu á gólfi. Stífla var í sturtu húsnæðisins, mikil fúkkalykt var á heimilinu og stórir blettir á veggjum sem báru merki um skemmdir vegna myglu. Einnig eru dæmi um mál þar sem mæður, sem hafa verið beittar ofbeldi af barnsfeðrum sínum, treysta sér ekki til að skilja við ofbeldismennina þar sem þær hafa ekki tök á að standa einar straum af kostnaði vegna leiguhúsnæðis. Starfsmenn Barnaverndar hafa einnig komið inn á heimili barnafjölskyldna sem virðast búa, við fábrotnar aðstæður, í hálfuppgerðum geymslum fjölbýlishúsa. Mikilvægt er að bæta þann húsnæðisvanda sem ríkir í Reykjavík enda afturför í félagsþjónustu hér á landi að mál komi á borð Barnaverndar vegna húsnæðisskorts og aðstöðuleysis fjölskyldna.



FÓSTURTEYMI

/ Deildarstjóri; Arna Kristjánsdóttir

/ 9 ráðgjafar þar af 8 félagsráðgjafar

/ 21-37 mál pr. ráðgjafa á hverjum tíma

Í lok árs 2022 lutu 154 börn forsjá barnaverndarþjónustu Reykjavíkur

/ 137 börn í varanlegu fóstri

/ 10 börn skv. 84. gr. (ættingjar sem ekki voru komnir með fósturleyfi)

/ 2 börn í styrktu fóstri

/ 19 ungmenni 18-20 ára

/ 3 börn í búsetuúrræði Klettabæ

Meginhlutverk fósturteymis er að halda utan um málefni barna sem lúta forsjá Barnaverndar Reykjavíkur. Börnin eru flest í varanlegu fóstri en sum í tímabundnu, styrktu fóstri eða búa í öðrum vistunarúrræðum. Undir teymið heyra einnig vistanir ungmenna á aldrinum 18-20 ára, sem vistast áfram á fósturheimilum sínum eða í öðrum úrræðum Barnaverndar eftir að þau hafa náð 18 ára aldri.

Ráðgjafar fósturteymis heimsækja reglulega öll fósturbörn sem teymið sinnir. Börnunum er veittur stuðningur og fylgst með að barni sé sinnt vel í fósturinu. Þá er fósturforeldrum jafnframt veitt handleiðsla og stuðningur í því vandasama hlutverki sem fylgir því að vera fósturforeldri. Teymið heldur einnig utan um samskipti og umgengni kynforeldra og ættingja við börn í fóstri. Í langflestum tilvikum fer umgengni fram í góðu samstarfi við barn, fósturforeldra og kynforeldra eða ættingja. Umgengni fer ýmist fram á heimili fósturbarna, heimili kynforeldra eða annarra ættingja eða í húsnæði á vegum Barnaverndar Reykjavíkur og þá með stuðningi og eftirliti starfsmanna. Í 17% tilvika

fer umgengni barna í varanlegu fóstri fram á grundvelli úrskurðar, en í rúmlega 80% tilvika fer umgengni fram á grundvelli samnings og/eða fósturforeldrar sjá alfarið um umgengni.

Svipaðar áskoranir blasa við fósturteymi og áður var fjallað um í teymi eldri barna og lýtur að skorti á úrræðum fyrir stálpuð börn og börn með alvarlegan hegðunar- og geðvanda. Á hverju ári koma upp nokkur tilvik þar sem börn í þessari stöðu verða fyrir fósturrofi þar sem fósturheimilið ræður ekki við vanda barnsins. Ráðgjafar fósturteymis sinna umfangsmiklu starfi í að styðja við fósturforeldra sem eru með börn með þungan vanda í fóstri. Byðst fósturforeldrum handleiðsla og persónulegur stuðningur bæði innan og utan heimilis. Þá er reynt að koma til móts við fósturheimilin með hvíldardvöl fyrir börnin utan heimilis. Hér skortir þó verulega á úrræði og stofnanir sem geta tekið við börnum í þessari stöðu bæði í bráðatilvikum en einnig til að greina vanda þeirra og veita þeim sérhæfða meðferð.

Á árinu 2022 voru 154 börn í varanlegu fóstri á vegum Barnaverndar Reykjavíkur. Heildarkostnaður vegna fósturlauna fyrir börn í varanlegu fóstri var tæpar 411 milljónir króna. Fósturlaun eru greidd mánaðarlega og var meðalgreiðsla rúmlega 244 þúsund. Hæsta greiðsla var kr. 2,7 milljónir á mánuði en algengasta greiðslan var um kr. 117 þús. (sem samsvarar þreföldum meðlagsgreiðslum).

OPINBERT EFTIRLIT OG NIÐURSTÖÐUR DÓMSTÓLA

Árið 2022 var 51 (53) úrskurður kveðinn upp af barnaverndarnefnd Reykjavíkur. Tölur inni í sviga eru vegna ársins 2021.

Þar af voru 11 (8) úrskurðir vegna forsjársviptingar foreldra og 28 (28) úrskurðir vegna vistunar barna utan heimilis.

Héraðsdómur féllst á beiðni barnaverndarnefndar um forsjársviptingu foreldra í 7 skipti og enduðu 3 mál með sátt. Einu máli var vísað frá þar sem ekki tókst að birta stefnu.

Alls voru átta úrskurðir staðfestir í héraðsdómi, þar af þrír staðfestir í Landsrétti vegna vistunar barna utan heimilis. Engu máli var áfrýjað til Hæstaréttar. Í tveimur málum var kröfu barnaverndarnefndar um vistun utan heimilis hafnað í héraðsdómi og lauk 12 málum með dómsátt eða foreldrar samþykktu kröfur um vistun utan heimilis. Sex úrskurðir um vistun voru ekki kærðir til dómstóla.

Barnaverndarnefnd kvað upp 16 (16) úrskurði um umgengni, þar af voru 14 (13) um umgengni við foreldra og 2 (3) um umgengni við aðra nákomna. Úrskurðir um umgengni við foreldra voru kærðir til úrskurðarnefndar velferðarmála í 9 (7) tilvikum og staðfesti úrskurðarnefnd alla þá úrskurði eða 9 (7) talsins. Í 1 (3) tilviki var úrskurður um umgengi við aðra nákomna kærður til úrskurðarnefndar velferðarmála sem féldi úr gildi úrskurð barnaverndarnefndar.




Einn úrskurður var kveðinn upp varðandi að barn skyldi njóta listmeðferðar og viðtöl í barnahúsi. Árið 2021 var einn úrskurður kveðinn upp um að hindra för barns úr landi. Hann var kærður og staðfestur hjá úrskurðarnefnd velferðarmála.

Í 4 tilvikum voru ákvarðanir Barnaverndar Reykjavíkur um synjun á leyfi til að gerast stuðningsforeldrar, aflétting nafnleyndar og tvær ákvarðanir vegna synjun að fullu eða hluta á styrk til greiðslu lögmannskostnaðar kærðar til úrskurðarnefndar velferðarmála. Í öllum tilvikum staðfesti úrskurðarnefnd velferðarmála ákvarðanir Barnaverndar Reykjavíkur.

Í byrjun árs 2022 tók til starfa Gæða- og eftirlitsstofnun velferðarmála sem tók við eftirlitshlutverki sem Barnaverndarstofa fór áður með. Árið 2022 bárust Barnavernd Reykjavíkur niðurstöður úr sjö kvörtunarmálum frá Gæða- og eftirlitsstofnun velferðarmála. Tvö mál voru með engar athugasemdir vegna málsmeðferðar. Þrjú mál voru með athugasemdir en ekki ámælisverð háttsemi og tvö mál með niðurstöðu um ámælisverða háttsemi vegna málsmeðferðar hjá Barnavernd Reykjavíkur.

Pegar Barnavernd Reykjavíkur berast niðurstöður um ámælisverða háttsemi frá Gæða- og eftirlitsstofnun eru málin sett í eftirfarandi farveg. Fundað er með yfirmönnum og þeim ráðgjöfum eða teyllum sem komu að málinu eða vinna að sambærilegum málum. Farið yfir aðdraganda, aðstæður og niðurstöður í málinu. Metið hvort þörf sé á að breyta verklagi hjá stofnuninni eða hvort um ein stök mistök hafi verið að ræða. Niðurstöður um ámælisverða háttsemi eru alltaf kynntar velferðarráði.

Niðurstöður Gæða- og eftirlitsstofnunar um ámælisverða háttsemi Barnaverndar snéru að eftirfarandi. Í öðru málinu skorti á upplýsingagjöf til annars foreldris og of langur tími leið frá því tilkynning barst og þar til könnun hófst. Þá var gerð athugasemd við skráningu á tilteknum samskiptum aðila við starfsmenn. Seinna málið snéri að því að skort hafi á fullnægjandi lagaheimild þegar för barns var stöðvuð úr landi.



TAKK FYRIR

